

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar,
sbr. reglugerð nr. 304/1983.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Hver landstöð skal greiða kr. 30 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 7 000,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kjartan Júlíusson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1984 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir:

100 sandreyðar

167 langreyðar

177 hrefnur

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kjartan Júlíusson.